



**Knattspyrnudeild Breiðabliks**  
**Flosi Eiríksson, formaður**  
**Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri**

Reykjavík, 6. september 2023

**Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Víkings R. og Breiðabliks 27. ágúst 2023**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 29. ágúst 2023, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik Víkings R. og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 27. ágúst sl. Í samræmi við ákvæði 5.1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns á leiknum er svohljóðandi:

*„Aðkomulið (Breiðablik) mætti á leikstað 30 mínútum áður en leikur átti að hefjast.*

*Aðkomulið hafði ekki skráð leikmenn og liðsstjórn á vef KSÍ í samræmi við ákvæði í Handbók leikja þannig að skráning væri aðgengileg klukkustund fyrir skráðan leiktíma. Þar sem skráning var ekki gerð aðgengileg fyrr en 30 mínútum áður en leikur átti að hefjast gat heimalið ekki skilað undirritaðri skýrslu til dómara 45 mínútum fyrir leik, líkt og gera á skv. Handbók leikja.*

*Þar sem aðkomulið var ekki komið á leikstað tímanlega, uppfyllti það ekki þá skyldu að sýna dómurum keppnisbúninga klukkutíma fyrir leik. Skoðun búninga aðkomuliðsins fór fram skömmu fyrir leik á meðan að upphitun stóð yfir, þá kom í ljós að ekki var mögulegt að skipta um treyju markmanns þess í samræmi við óskir dómara.“*

Á fundi þann 29. ágúst leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, og/eða grein 5.10. í lögum KSÍ. Jafnframt minnti nefndin á tilmæli í Handbók leikja, samþykktari af stjórn KSÍ 29. mars 2023, er varða framkvæmd leikja í meistaraflokki. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 5. september 2023 lá fyrir greinargerð frá Knattspyrnudeild Breiðabliks sem barst nefndinni þann sama dag. Í greinargerð Breiðabliks kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„[...]Lögsaga aga- og úrskurðarnefndar nær aðeins til „laga“ og „reglugerða“ KSÍ samkvæmt fyrrnefndu ákvæði í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þegar af þeirri ástæðu verður ekkert vikið að efni þeirra ákvæða sem finna má í fyrrnefndri handbók og „minnst“ er á í bréfi aga- og úrskurðarnefndar. Engu breytir um rétt hæð eða stöðu handbókarinnar þó hún sé sett með vísan til ákvæðis 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.*

*Um setningu reglugerða er fjallað í 22. gr. laga KSÍ. Þar segir að allar reglugerðir skuli vera aðgengilegar og birtar á vefsíðu KSÍ. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og þær öðlast gildi með kynningu í dreifibréfi og gerðar aðgengilegar á vefsíðu KSÍ.*

Efni handbókarinnar er hvorki birt með reglugerðum á vefsíðu KSÍ né hefur efni handbókarinnar verið kynnt aðildarfélögum með dreifibréfi eins og áskilið er í lögum KSÍ. Lögsaga nefndarinnar nær því ekki til þeirra ákvæða sem „minnst“ er á úr leiðbeiningum.“

„[...]Knattspyrnudeild Breiðabliks tekur fulla ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik. Viðurlagaábyrgð Breiðabliks getur hins vegar ekki náð til annarra tilvika en þeirra sem „ótvírætt“ falla undir ákvæði í lögum eða reglugerðum KSÍ, sbr. úrskurð aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 15/2023 frá 25. ágúst sl.“

„[...]Hvergi í lögum eða reglugerðum KSÍ eru ákvæði um hvenær lið skuli vera mætt á leikstað, hvenær leikskýrslu skuli skilað, hvenær upphitun eigi að hefjast o.s.frv. Þegar af þeirri ástæðu getur háttsemin hvorki verið ámælisverð né óásættanleg.

Með vísan til alls framangreinds er þess krafist af hálfu Knattspyrnudeildar Breiðabliks að aga- og úrskurðarnefnd aðhafist ekkert vegna þeirra atvika sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns.“

## Niðurstaða

Að virtri greinargerð knattspyrnudeildar Breiðabliks og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma knattspyrnuliðs Breiðabliks í aðdraganda leiks Víkings R. og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 27. ágúst sl. hafi verið óásættanleg og falli undir ákvæði 5.10 í lögum KSÍ. Það er afstaða nefndarinnar að með framkomu þeirri sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns hafi Breiðablik virt að vettugi a.m.k. fjórar reglur um framkvæmd knattspyrnuleikja samkvæmt Handbók leikja 2023. Í handbókinni að finna reglur, ábendingar og tilmæli til félaga um framkvæmd leikja í meistaraflokki sem samþykkt var af stjórn KSÍ 29.03.2023. Eftirfarandi kemur m.a. fram í handbókinni:

„Klukkustund fyrir leik skulu forráðamenn beggja liða sýna dómurum keppnisbúninga sína. Að öðru leyti ákveður dómari hvar og hvenær hann skoðar búnað leikmanna fyrir leik.“

### **„Þjónusta við fjölmiðla**

Leikskýrslu skal komið til fjölmiðla eins fljótt og mögulegt er. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um beina sjónvarpsútsendingu er að ræða. Munið eftir veitingum handa fjölmiðlafólki (ekki gleyma ljósmyndurum og starfsfólki sjónvarpsrétthafa). Afar mikilvægt er að fjölmiðlafulltrúi félags sé til staðar og sé sýnilegur þannig að fjölmiðlafólk geti leitað til hans.“

### **„Leikskýrsla - Form og vinnulag**

Leikskýrslan er skráð með því að velja viðkomandi leik og velja leikmenn/forráðamenn á hana úr tilheyrandi leikskýrslulista.

Þegar bæði lið hafa fyllt út leikskýrsluna er hún prentuð út, undirrituð af fulltrúum beggja félaga og afhent dómara leiksins, eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Bæði félög geta fyllt út skýrsluna með góðum fyrirvara, þess vegna daginn áður. Sú skráning er aðeins aðgengileg viðkomandi félagi og birtist ekki á vef KSÍ fyrr en klukkustund fyrir skráðan leiktíma. Skýrslan er hins vegar ekki aðgengileg til útprentunar fyrr en klukkustund fyrir upphaflegan leiktíma.

**„Framkvæmd leiks: Minnislisti – Framkvæmd og tímatafla leikja í deild og bikar**

*Mínútur fyrir leik*

*[...]*

- 90 Móttaka leikmanna og stjórnarmanna andstæðinga og starfsmanna leiksins.*
- 60 7 keppnisboltar og 6 boltastandar.*
- 60 Öryggismál, girða af varamannaskýli og gönguleið liða að velli.*
- 60 Varamannaskýli. Teppi, 10 á lið (gott í haustleikjum ef hægt er).*
- 60 Miðasala, hliðvarsla og öryggisgæsla.*
- 60 Kaffi / te fyrir / veitingar fyrir lið, dómara og eftirlitsmann.*
- 45 Leikmannalísta skilað til dómara.*
- 40 Ljósritun leikskýrslu og dreifing til fréttamanna.*
- 45 Upphitun beqja liða á leikvelli.“*

Handbók leikja sækir stoð sína í heimild í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, um að stjórn KSÍ setji nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót, sbr. grein 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að beita viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ gagnvart m.a. aðildarfélögum KSÍ vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum, sbr. grein 2.3. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með vísan til greinar 5.10., sbr. k lið 44.1. greinar í lögum KSÍ ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ því að sekta knattspyrnudeild Breiðabliks vegna framkomu knattspyrnuliðs deildarinnar í mfl. karla í aðdraganda leiks Víkings R. og Breiðabliks þann 27. ágúst sl. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Breiðabliks hæfilega ákveðin kr. 100.000.

**Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild Breiðabliks skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

**Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson